

Fundargerð 167. Fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 15. september 2022, kl. 11:00 í VM húsinu, Stórhöfða 29.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinnsson formaður, Sigurður Gunnar Benediktsson og Einar Sveinn Kristjánsson, Kristmundur Skarphéðinsson, Helgi Már Sigurgeirsson og J. Snæfríður Einarsdóttir, Sigurður Jóhann Erlingsson og Einar Óskar Friðfinnsson.

Fjarverandi: Tinna Magnúsdóttir, Agnar Ólason og Pétur Freyr Jónsson.

Gestir: Virk fulltrúar

1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 165 og 166

- Fundargerð frá síðasta stjórnarfundum hefur verið send á stjórnarmenn. Ákveðið að fresta afgreiðslu hennar til næsta fundar stjórnar.
- Fundargerð nr. 165 samþykkt og undirrituð.

2. Skýrsla formanns og staða kjaramála

- Formaður segir frá því að mikill tími fari í ASÍ samstarfið.
- Formaður segir frá því að það hafi orðið breytingar hjá Iðunni í vor og var þá ráðinn nýr sviðsstjóri vél- og málmæknisviðs hjá Iðunni. Hann er lærður vélfræðingur, vélvirkjameistari og rafvirki. Hann hefur nýjar hugmyndir varðandi námskeið. Ein af hugmyndum hans er að taka nokkur námskeið upp og bjóða upp á þau á netinu frítt t.d. námskeið um smurólíur. Hann hefur einnig áhuga á að halda hádegisfundum hér í húsinu sem verð líka í yrðu fjarfundarbúnað. Stefnt að því að taka það samstarf upp í haust. Hann leggur áherslu á að félagsmenn læri að nota Iðu vefinn.
- Formaður segir frá því að það hafi verið mikið fundað innan ASÍ, tveir miðstjórnarfundir hafa verið haldnir og fundir með formönnum landssambanda og stærstu aðildarfélögum. Á miðstjórnarfundum ASÍ hefur mikið verið rætt um skipulag á komandi ASÍ þingi sem verður um miðjan október. Varðandi fundi með formönnum landssambanda og stærstu aðildarfélaga segir formaður frá því að hann sé varamaður fyrir beina aðild en formaður Matvís sé aðalmaður en hann hafi ekki haft mikinn tíma til að sinna því. Þannig hafi hann óskað eftir því að formaður VM sitji fundina. Formaður segir frá því að þessir fundir hafi verið lágstemmdir og kurteisir. Formaður skynjar nú sé tækifæri fyrir félög innan ASÍ að koma samstillt inn í komandi kjaraviðræður.
- Formaður segir að haldinn hafi verið mjög góður fundur með félags- og vinnumarkaðsráðherra þar sem m.a. var farið yfir lögverndun iðngreina, menntun iðnaðarmanna, frítekjumark ellilífeyris, fæðingarorlof ofl. Umræða um afnám löggildinga á iðngreinum og umsögn sem Fagfélögin sendu í síðasta mánuði um breytingu á reglugerð um löggiltar iðngreinar. Fulltrúar frá Pírötum komu einnig á fund með formönnum og ræddu ýmis mál.



- Formaður segir frá starfsmannaferð sem var farin til Brighton dagana 1. -4. september. Skrifstofunni var lokað eftir hádegi fimmtudaginn 1. september og allan föstudaginn 2. september sl. Umræða um að senda upplýsingar um lokun skrifstofu á trúnaðarmenn félaganna til að þeir geti auglýst á sínum vinnustöðum.
- Formaður segir frá starfsdegi sem haldin var í húsinu þar sem fulltrúar frá KVAN komu og stýrðu dagskránni.
- Spurt um sjómannasamninginn. Formaður segir að ríkissáttasemjari sé í sambandi við okkur. Þar sem hvorugur aðilinn hefur neitt nýtt fram að færa hefur hann ekki talið nauðsynlegt að halda fund. Sjómannafélögin hafa óskað eftir því að halda þennan lögboðna fund hálfmánaðarlega sem ekki hefur verið haldinn í þó nokkurn tíma.

3. Staðan hjá ASÍ

- Formaður fer yfir stöðuna innan ASÍ og þingið í október.
- Umræða um framboð til forseta ASÍ. Kosið verður á ASÍ þingi um miðjan 10., 11. og 12. október nk. Formaður segir frá því að félagið fái 14 fulltrúa á þingið. Umræða um tilnefningar og hverjir eigi að fara fyrir hönd VM.
- Formaður fer yfir hverjir geti verið mögulegir fulltrúar á ASÍ þinginu fyrir VM. Formaður hefur áhuga á að hleypa nýjum fulltrúum að t.d. þeim sem eru í kjarasamningamálum fyrir félagið. Formaður spyr stjórnarmenn hvort þeir hafi áhuga á að sitja þingið og hvort hann fái heimild til að útbúa 14 manna lista yfir fulltrúa. Samþykkt. Í kjölfarið verður haldin fulltrúaráðsfundur þar sem þarf að samþykkja lista yfir fulltrúa VM á ASÍ þinginu. Rætt um heppilega tímasetningu fyrir fundinn. Ákveðið að halda hann einhvern dag kl. 17.
- Formaður segir frá því að ASÍ sé að vinna að ályktun um fjárlagafrumvarpið.

4. Staðan hjá Húsi Fagfélaganna

- Formaður fer yfir rekstraráætlun fyrir jan-mars 2023.
-

5. Virk Starfsendurhæfingarsjóður -kynning.

- Virk fulltrúar, koma inn á fundinn og kynna starfsemi Virk í húsinu.
- Virk fulltrúar segja frá þjónustuferlinu og samspil Virk við sjúkra- og styrktarsjóði stéttarféлага. Opinberar tölur frá Virk sýna að á milli 70-80% þeirra sem nýta sér þjónustuna séu að skila sér aftur á vinnumarkað, í nám, aðra vinnu eða í atvinnuleit. Sagt var frá tilraunverkefni sem gengur út á að hafa samband við einstaklinga sem eru að fá greidda sjúkradagpeninga og gætu átt erindi til Virk. Fólk leitar helst til Virk bæði vegna slysa sem leiða til andlegra erfiðleika og álagi í starfi og einkalífi.
- Ákveðið að fá Virk til að skrifa grein í næsta fréttablað VM.



6. Orlofsmál

- Formaður segir frá tilboði sem barst í húsin á Laugarvatni og Einarstöðum. Umræða um tilboð sem barst um að flytja sumarhúsið á Einarstöðum. Tilboðið varðandi Einarstaði samþykkt. Einn stjórnarmaður situr hjá.

7. Lagt fram til upplýsingar

- Minnisblað um verðhækkanir og vexti.
- Skýrsla um vinnustaðaeftirlit ASÍ og stéttarfélaganna.
- Ávöxtunarskýrslur frá bönkunum 1.jan-31.ágúst 2022.

8. Önnur mál

- Formaður segir frá því að fyrir liggi styrkbeiðni til VM frá Björgunarsveitinni Ingunni Laugarvatni. VM hefur styrkt björgunarsveitina áður. Björgunarsveitin biður um 250 þús. vegna kaupa á tækjum og búnaði. Umræða um stefnu VM í styrkjamálum. Samþykkt að styrkja Björgunarsveitina Ingunni um 250 þús.
- Ítrekað að lögð verði fram 3 mánaða rekstraráætlun og 6 mánaða uppgjör fyrir Hús Fagfélaganna á næsta fundi.
- Umræða um mætingu á stjórnarfundum og að hún mætti vera betri. Rætt um námskeið fyrir stjórnarmenn. Formaður ætlar að kanna tímasetningar fyrir slíkt námskeið og bera undir stjórnarfund.
- Stjórn ræðir starfskjör formanns VM.

Fleira ekki formlega rætt.

Fundi slitið kl. 14:50

Ákveðið að halda næsta stjórnarfund fimmtudaginn 20. október 2022, kl. 11:00